



## Fundargerð 7. ágúst 2017

Fundur bráðabirgðastjórnar Sósíalistasflokks Íslands. Haldinn 7. ágúst í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt úr bráðabirgðastjórn voru Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson og Viðar Þorsteinsson. Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Félagsmennirnir Hallfríður Þórarinsdóttir og Haukur Arnþórsson voru viðstödd allan fundinn en þau starfa nú með stjórn að framkvæmd stefnumótunarvinnunnar.

Félagismaðurinn Atli Freyr Friðbjörnsson sem leitt hefur tæknivinnu við utanumhald félagaskrár sem og slembivalið fyrir stefnumótunarvinnu var einnig viðstaddur.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1 · Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, 31. júlí 2017, var samþykkt.

### 2 · Stefnumótunarvinna

Gunnar Smári kynnti stöðuna á stefnumótunarvinnunni og vali í málefnaþópum. Hópar hafa verið slembivaldir, 30 manns valdir í hvern hóp eða samtals 120 manns. Endurvalið er strax til að fylla í skarð þeirra sem afboða sig.

Samþykkt var að hver og einn hópur þurfi kontakt-aðila úr stjórn. Hlutverk kontaktaðilans sé að hringja í þá sem ekki gefa svar í gegnum tölvupóst og að halda almennt utan um staðfest svör frá væntanlegum hópmeðlimum.

Fyrsti fundur hópanna, Lota 1, verður 20. ágúst en þá flyst ábyrgð kontaktaðilans, þ.e. að halda utan um hópinn, yfir á einhvers konar fulltrúa í hverjum hópi, valinn úr hópi meðlima.

Farið yfir húsnæðismöguleikana fyrir Lotu 2 sem verður langmest krefjandi hvað varðar rými og tíma. Sú uppástunga hefur komið fram að halda Lotu 2 í Rúgbrauðsgerðinni, en það húsnæði getur auðveldlega hýst alla hópanan. Hægt er að leigja í heilan dag með súpu og kostar dagurinn 150 þúsund. Ekki er hægt að koma með aðkeyptan mat þangað inn. Rætt var um að hópmeðlimum yrði boðið upp á súpuna, en aðrir þyrftu að borga.

Gunnar Smári, Hallfríður og Haukur ætla að hittast á miðvikudag klukkan 9:30 til að halda áfram vinnunni við þetta skipulag og drífa málin áfram. Gunnar Smári tekur að sér að boða Benjamín Júlían.

### 3 · Sellur

Atli Freyr sagði frá yfirstandandi vinnu við að gera kleift að brjóta félagaskrána niður eftir búsetu til að hægt sé að stofna minni staðbundna hópa félagsmanna, eða „sellur“, óháð og til hliðar við önnur störf eða embætti innan flokksins. Mikil ánægja var með þá miklu vinnu sem Atli Freyr hefur lagt í þetta verk, og ljóst að hún hefur þegar búið til mikla möguleika fyrir flokkinn.

Rætt var um ólíkar tegundir fyrirkomulags fyrir sellurnar, æskilegan fjölda félagsmanna í þeim, hvort þeir muni hafa einhvers konar formlegt vald, og hvaða hlutverki þær geti þjónað ss. varðandi að efla innbyrðis samskipti og persónuleg tengsl félagsmanna. Markmiðið með sellunum sé að stuðla að virkni hvers eins og einasta félagsmann eftir því sem hægt var.

### Önnur mál

Rætt var óformlega um önnur verkefni, stöðu og ýmis yfirstandandi áform flokksins, m.a. væntanlega heimsókn Richard Seymour í næstu viku.

Fundi var slitið um 21:45